

**HEILBRIGÐISNEFND**  
**HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS**  
**173. fundur – 27. ágúst 2012**

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 27. ágúst 2012. Fundarstaður skrifstofa heilbrigðiseftirlitsins að Garðatorgi 7, Garðabæ. Fundurinn hófst kl. 17. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk Páls Stefánssonar, heilbrigðisfulltrúa og Guðmundar H. Einarssonar, framkvæmdastjóra, sem ritaði fundargerð.

Fundargerð 172. fundar heilbrigðisnefndar frá 25. júní 2012 lögð fram.

Lagt fram erindi Hafnarfjarðarbæjar frá 5. júlí 2012 þar sem tilkynnt er að Sigmundur Halldórsson, valinn varamaður í heilbrigðisnefnd til eins árs.

## 1 Fundargerð 151 starfsmannafundar frá 22. ágúst 2012

### 1.1 Starfsleyfi

#### Garðabær

1.1.1 Holtsbúð 85, Garðabær - daggæsla í heimahúsi fyrir allt að 10 börn

Lögð fram umsókn Láru Daníelsdóttur, kt. 200760-4179, dags. 21.08.2012, þar sem sótt er um leyfi til reksturs daggæslu í heimahúsi (sérbýli) fyrir allt að 10 börn að Holtsbúð 85, Garðabæ.

Ný starfsemi

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.2 Hörgatún 2, Garðabær - mötuneyti

Lögð fram umsókn Kjartans Steinssonar f.h. Veritas Capital hf., kt. 530602-3380, dags. 2.08.2012, þar sem sótt er um leyfi fyrir mötuneyti að Hörgatúni 2, Garðabæ. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

#### Hafnarfjörður

1.1.3 Bæjarhraun 4, Hafnarfjörður, veitingastofa

Lögð fram umsókn Charin Thaiprasert, f.h. Noodle Station ehf., kt. 550211-1300, dags. 8.08.2012, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingastofu að Bæjarhrauni 4, Hafnarfirði.

Húshluti: 02 0102. Ný starfsemi.

Frestað þar sem úttekt er ekki lokið.

1.1.4 Bæjarhraun 6, Hafnarfjörður, smurstöð

Lögð fram umsókn Magnúsar S. Jóhannssonar, f.h. Smur 54 ehf., kt. 681293-2059, dags. 18.05.2012, þar sem sótt er um leyfi til reksturs smurstöðvar að Bæjarhrauni 6, Hafnarfirði.

Húshluti: 02 0101. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.5 Hafravellir 14, Hafnarfjörður - daggæsla í heimahúsi fyrir allt að 10 börn

Lögð fram umsókn Hjördísar Sigurbjartsdóttur, kt. 150280-5839, dags. 21.08.2012, þar sem sótt er um leyfi til reksturs daggæslu í heimahúsi (sérbýli) fyrir allt að 10 börn að Hafravöllum 14, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.6 Hafnarfjarðarhöfn, Hafnarfjörður - niðurrif á skipi

Lögð fram umsókn Haraldar Þórs Ólafssonar f.h. Furu ehf kt. 621281-1009, dags. 18.08.2012, þar sem sótt er um tímabundið leyfi til niðurrifs á togara í uppfyllingu utan Suðurgarðs í Hafnarfjarðarhöfn.  
Starfsleyfi staðfest.

1.1.7 Kaplahraun 1, Hafnarfjörður, bifreiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Ingva Þórs Sigfússonar, f.h. Bílaspítalans ehf., kt. 430504-3710, dags. 06.07.2012, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bifreiðaverkstæðis að Kaplahrauni 1, Hafnarfirði. Endurútgáfa  
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er endurútgáfa starfsleyfis til 19.06.2023 samþykkt.

1.1.8 Klausturhvammur 40, Hafnarfjörður - daggæsla í heimahúsi fyrir allt að 10 börn

Lögð fram umsókn Þórunnar Sigurðardóttur, kt. 120270-4359, dags. 21.08.2012, þar sem sótt er um leyfi til reksturs daggæslu í heimahúsi (sérbylí) fyrir allt að 10 börn að Klausturhvammi 40, Hafnarfirði. Ný starfsemi.  
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.9 Lækjargata 46, Hafnarfjörður - þjónustustöð

Lögð fram umsókn Helga Kristjánssonar f.h. N1 hf., kt. 540206-2010, dags 31.07.2012, þar sem sótt er um leyfi til reksturs þjónustustöðvar með bensín, verslun með matvöru og merkingaskyldar efnavörur ásamt sjálfvirkri bílapvottastöð að Lækjargötu 46, Hafnarfirði.  
Endurnýjun  
Með vísun til ákvæða matvæla-, hollustu- og mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.10 Straumsvík, Hafnarfjörður, gasbirgðastöð

Lögð fram umsókn Péturs Péturssonar, f.h. Gasfélagsins ehf., kt. 690396-2469, dags. 7.08.2012, þar sem sótt er um leyfi til reksturs birgðastöðvar fyrir gas í Straumsvík, Hafnarfirði.  
Húshluti: 223-0962 Landnr. 176859. Endurnýjun  
Með umsókn fylgdu eftirtalin gögn;  
1. Stækkun gasstöðvar í Straumsvík, brunavarnir og áhættumat (Mannvit) dags. 12.8.2011,  
2. Deiliskipulag fyrri svæðið, samþ. 7.8.2012  
3. Öryggisskýrsla sbr. reglugerð 160/2007, dags 9.2011  
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er samþykkt að auglýsa starfsleyfis til 12 ára.

1.1.11 Trönuhraun 10, Hafnarfjörður, gistiheimili

Lögð fram umsókn Bárðar Halldórssonar f.h. Lindabergs ehf., kt. 631105-0920, dags. 23.08.2012, þar sem sótt er um leyfi til reksturs gistiheimilis án veitingasölu að Trönuhraun 10, Hafnarfirði. Ný starfsemi.  
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

## Kópavogur

1.1.12 Dalvegur 18, Kópavogur - hársnyrtistofa

Lögð fram umsókn Karenar Ó Sampsted f.h. Hairdoo ehf., kt. 620612-0730, dags.15.08.2012, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hársnyrtistofu að Dalvegi 18, Kópavogi.  
Húshluti: 01-0002. Ný starfsemi.  
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.13 Engihjalli 8, Kópavogur - matvöruverslun

Lögð fram umsókn Jóhannesar Jónssonar f.h. Ísland – verslun ehf., kt. 410612-0540, dags. 19.07.2012, þar sem sótt er um leyfi til reksturs matvöruverslunar án vinnslu að Engihjalla 8, Kópavogi. Húshluti: 01 0201. Ný starfsemi.

Með vísan til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.14 Fagraþing 8, Kópavogur - netverslun

Lögð fram umsókn Jóhannesar Jónssonar f.h. Ísland – verslun ehf., kt. 410612-0540, dags. 19.07.2012, þar sem sótt er um leyfi til reksturs netverslunar með matvæli, um er að ræða lögheimili eiganda, aðsetur að Fagraþingi 8, Kópavogi. Dreifing vöru verður frá vöruhótelu. Húshluti: 01 0101. Ný starfsemi.

Með vísan til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara að starfsemin sem er í íbúðargötu valdi ekki óþægindum fyrir nágranna.

1.1.15 Hagasmára 1, Kópavogi - hárgreiðslustofa

Lögð fram umsókn Jóhönnu Bjarnadóttur, f.h. Modus hárstofu ehf., kt. 440511-0820, dags. 30.07.2012, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hárgreiðslustofu að Hagasmára 1, Kópavogi. Húshluti: U 063. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.16 Hlíðasmári 10, Kópavogi - dreifing á matarolíu

Lögð fram umsókn Sigþórs Hákonarsonar, f.h. Linol á Íslandi ehf., kt. 610302-3940, dags.

09.08.2012, þar sem sótt er um leyfi til dreifingar á matarolíu. Um er að ræða skrifstofu fyrirtækisins að Hlíðarsmára 10, Kópavogi en vörudreifing fer fram frá vöruhótelu. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa varðandi innihaldsmerkingar matvæla.

1.1.17 Kársnesbraut 112, Kópavogur - frysti og kæligeymsla

Lögð fram umsókn Guðmundar Gíslasonar, f.h. Kjötmarkaðarins ehf., kt. 450312-1420, dags. 31.07.2012, þar sem sótt er um leyfi til reksturs frysti og kæligeymslu að Kársnesbraut 112, Kópavogi. Húshluti: 01 0005. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.18 Kópavogsbraut 115, Kópavogur – matvöruverslun

Lögð fram umsókn Hörpu Eggertsdóttur f.h. Haukagils ehf. kt. 610812-0660, þar sem sótt er um leyfi til reksturs söluturns að Kópavogsbraut 115, Kópavogi, þ. m. t. íssölu úr vél og til að útbúa samlokur sem seldar eru á staðnum. Eigendaskipti.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.19 Smiðjuvegur 2, Kópavogur - matvöruverslun

Lögð fram umsókn Auðuns Pálssonar f.h. Bónus, kt. 450199-3389, dags. 8.08.2012, þar sem sótt er um leyfi til reksturs matvöruverslunar að Smiðjuvegi 2, Kópavogi. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.20 Vesturvör 21, Kópavogur - bílasprautun

Lögð fram umsókn Jóhannesar Óskarssonar, f.h. Votverk slf., kt. 490212-0940, dags. 6.07.2012, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bílasprautunarverkstæðis að Vesturvör 21, Kópavogi. Húshluti: 01 0101. Endurútgáfa.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er endurútgáfa starfsleyfis til 19.06.2023 samþykkt.

1.2 Umsagnir

**Hafnarfjörður**

#### 1.2.1 Dalshraun 13, Hafnarfjörður, skemmtistaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 13.06.2012, þar sem óskað er umsagnar á umsókn 221 ehf., kt. 500310-1030, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir skemmtistað í flokki III að Dalshrauni 13, Hafnarfirði.

Eftirfarandi bókun var gerð:

„Heilbrigðisnefnd samþykkti 29.06.2010 starfsleyfi fyrir 221 ehf. til reksturs skemmtistaðar skv. hollustuháttarreglugerð að Dalshrauni 13, Hafnarfirði. Í fyrirbyggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi, samkvæmt III. flokki reglugerðar nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfsemi valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með veitingu rekstrarleyfis fyrir skemmtistað.”

#### 1.2.2 Hólshraun 3, Hafnarfjörður, skemmtistaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 3.07.2012, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Veislulistar ehf., kt. 680296-2359, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veisluþjónustu og samkomusal í flokki III að Hólshrauni 3, Hafnarfirði.

Eftirfarandi bókun var gerð:

„Heilbrigðisnefnd samþykkti 12.02.1997 starfsleyfi til reksturs veislueldhúss og veitingasalar skv. matvælagæðar að Hólshrauni 3, Hafnarfirði. Í fyrirbyggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi, samkvæmt III. flokki reglugerðar nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfsemi valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með veitingu rekstrarleyfis fyrir veisluþjónustu og samkomusal.”

#### 1.2.3 Kaplakriki, Hafnarfjörður – íþróttahús, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 27.08.2012, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Fimleikafélags Hafnarfjarðar, kt. 540169-2769, þar sem sótt er um tækifærisleyfi vegna tónleika sem fyrirhugað er að halda í íþróttasalnum í Kaplakrika, laugardaginn 8. september n.k. frá kl. 15:00 til kl. 00:00. Áætlaður gestafjöldi er 2500-3000 manns.

Mælt með jákvæðri umsögn.

### Kópavogur

#### 1.2.4 Gæsluvöllur við Efstahjalla, Kópavogur, ósk um undanþágu frá ákvæðum reglugerðar um daggæslu í heimahúsi

Lagt fram bréf umhverfisráðuneytisins dags. 2.08.2012, þar sem óskað er umsagnar um beiðni Menntasviðs Kópavogsbæjar um undanþágu frá ákvæði reglugerða um hollustuhætti. Sótt er um leyfi til að starfrækja daggæslu í gæsluvallarhúsi við Efstahjalla í Kópavogi.

Meðfylgjandi eru teikning af húsi á gæsluvöll við Efstahjalla samþykkt af byggingarfulltrúa Kópavogs 31. maí 1990 og greinargerð Kópavogsbæjar frá 13. júlí 2012 þar sem fram kemur að húsið er 39,2 fermetrar.

Eftirfarandi bókun var gerð:

„Heilbrigðisnefnd telur að húsnæðið uppfylli kröfur um innréttingar og mælir með undanþágunni með skilyrðum um að komið verði fyrir anddyri (vindfang) eða öðru sambærilegu svo nægjanlegt rými verði til aðkomu og að haldið verði fullnægjandi upphitun í húsnæðinu.”

### 1.3 Tóbaksleyfi

#### 1.3.1 Litlatún 1, Garðabær – verslun og bensínstöð

Lögð fram umsókn Jörgens Magnússonar f.h. Skeljungs hf., kt. 590269-1749, dags.

20.08.2012, þar sem sótt er um endurnýjun á leyfi til tóbakssölu í þjónustustöð fyrirtækisins að Litlatúni 1, Garðabæ.

Leyfi samþykkt.

#### 1.3.2 Engihjalli 8, Kópavogur - matvöruverslun

Lögð fram umsókn Lyumbomyra Petruk f.h. Xata ehf., kt. 461205-1190, dags. 14.08.2012, þar sem sótt er um endurnýjun á leyfi til tóbakssölu í verslun að Engihjalla 8, Kópavogi.

Leyfi staðfest.

### 1.3.3 Kópavogsbraut 115, Kópavogur – matvöruverslun

Lögð fram umsókn Hörpu Eggertsdóttur f.h. Haukagils ehf., 610812-0660, þar sem sótt er um leyfi til tóbakssölu í verslun fyrirtækisins að Kópavogsbraut 115, Kópavogi. Leyfi samþykkt.

## 2 Framkvæmdastjórn um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu

Lögð fram fundargerð 95. fundar framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu frá 17. ágúst 2012.

## 3 Þríhnúkar, Kópavogi. Umhverfismat. Frummatsskýrsla

Lagt fram erindi Skipulagsstofnunar frá 3. ágúst 2012, þar sem óskað er umsagnar um frummatsskýrslu: „Aðgengi að Þríhnúkagíg, Kópavogi. Aðkomuvegur, aðstaða til skoðunar og þjónustubygging.

Heilbrigðisnefnd leggur áherslu á eftirfarandi atriði í umsögn sinni:

„Heilbrigðisnefnd telur að frummatsskýrslan fullnægi kröfum 9. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum fyrir boðaða framkvæmd. *Vegna viðkvæmni svæðisins og annarra starfsemi sem þar er og sem er í skoðun að auka, verður að mati nefndarinnar að fara fram heildstætt mat á umhverfisáhrifum, stjórnsýslu á svæðinu, aukinni ferðaþjónustu, rekstri skíðasvæðis, samgöngumannvirkja og almennrar útivistar áður en hæg verður að fallast á frekari uppbyggingu innan svæðisins. Að slíku mati er nauðsynlegt að umráðaaðilar svæðisins komi.*“

## 4 Stjórnsýslukæra vegna útgáfu starfsleyfis

Lagt fram erindi Úrskurðarnefndar auðlinda og umhverfismála frá 24. júlí 2012 þar sem óskað er gagna og umsagnar í tilefni af kæru vegna ákvörðunar á starfsleyfi til Bílaþvottastöðvarinnar Löðurs ehf. til að starfrækja bílaþvottastöð að Reykjavíkurvegi 54, Hafnarfirði, samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Heilbrigðisnefnd hefur látið taka saman þau gögn er úrskurðarnefndin óskar og verða þau send ásamt umsögn.

## 5 Úrskurður vegna starfsleyfis Hvamms ehf. Kópavogi

Lagt fram erindi Umhverfisráðuneytis frá 4. júlí 2012 ásamt úrskurði í tilefni af kæru vegna ákvörðunar á starfsleyfi til Hvamms ehf. dags. 28. september 2011, til að starfrækja eggja- og kjúklingabú samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Í úrskurðarorðum er ákvörðun heilbrigðisnefndar staðfest með viðbótar ákvæði „ef dreifa á fuglaskít á önnur lönd en þau sem rekstraraðili hefur til umráða skal vera fyrir hendi skriflegur samningur þess efnis. Skal samningurinn m.a. innihalda ákvæði um leigutíma, stærð lands, dreifingartíma og staðfestingu á móttöku til dreifingar. Hann skal einnig innihalda ákvæði um að hauggeymslur skuli uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum rekstri og að reglugerðinni skuli að öðru leyti fylgt, m.a. vegna dreifingar áburðar frá starfseminni.“

## 6 Eftirlits- og fjárhagsáætlun 2013

Rædd helstu mál og drög að áætlunum fyrir næsta starfsár

## 7 Önnur mál

### 7.1 Matvælaeftirlit - verkaskipting

Lagt fram erindi Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis frá 27. ágúst 2012 þar sem óskað er umsagnar um tillögu Matvælastofnunar frá 13. júlí 2012 um fyrirkomulag matvælaeftirlits hjá Ora ehf., Vesturvör 12, Kópavogi og að ráðherra úrskurði um eftirlitsskyldu milli heilbrigðisnefndar og Matvælastofnunar sbr. 2. 22. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.

Heilbrigðisnefnd lýsir sig sammála Matvælastofnun um að eftirlitið eigi vera hjá nefndinni.

*7.2 Reglur varðandi óskilaketti*

Lagt fram erindi Kópavogsbæjar dags. 13. júlí 2012, þar sem erindi Kattavinafélags Íslands, dags. 4. júlí 2012 er vísað til heilbrigðiseftirlitsins til úrvinnslu. Jafnframt óskar bæjarráð eftir því að heilbrigðiseftirlitið setji reglur um gjaldtöku vegna handsömunar og geymslu óskilakatta.

*7.3 Samþykkt um húsdýrahald og almennt gæludýrahald í Hafnarfirði*

Lagt fram erindi Umhverfisstofnunar frá 2. júlí 2012 varðandi staðfestingu og birtingu samþykktar um húsdýrahald og almennt gæludýrahald í Hafnarfirði samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Fleira ekki gert og fundi sliti kl. 18;55

Guðmundur Sigurðsson

Margrét Halldórsdóttir

Steingrímur Steingrímsson

Jón Bjarni Þorsteinsson

Gísli Ó. Valdimarsson